



Ýmsar grafskriftir 1928-1966

Bjarni Benediktsson – Ýmsar grafskriftir 1928-1966

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Fjölskyldan

Askja 3-3, Örk 13

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



GUTTORMUR ERLENDSSON

Fæddur 13. apríl 1912

Dáinn 17. júlí 1966



HÆRRA, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Villist ég vinum frá
vegmóður einn,
köld nóttin kringum mig,
koddi minn steinn,
heilög skal heimvon mín.
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Árla ég aftur rís
ungur af beð.
Guðs hús á grýttri braut
glaður ég hleð.
Hver og ein hörmung mín
hefur mig, Guð, til þín,
hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Lyftu mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

LÝS, milda ljós, í gegnum þennan geim,
mig glepur sýn,
því nú er nótt, og harla langt er heim.
Ó, hjálpin mín,
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú
og hennar ljós?
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú
er burt mitt hrós.
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,
unz fátíð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,
þú logar enn, —
í gegnum báru, brim og voðasker.
Nú birtir senn.
Og ég finn aftur andans fögru dyr
og engla þá, sem barn ég þekkti fyr.

ALLT eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dagsmorgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, —
líf mannlegt endar skjótt.

Svo hleypur æskan unga
óvissa dauðans leið
sem aldur og ellin þunga,
allt rennur sama skeið.
Innsigli öngvir fengu
upp á lífsstunda bið,
en þann kost undir gengu
allir að skilja við.

Ég veit, minn ljúfur lifir
Lausnarinn himnum á,
hann ræður öllu yfir,
einn heitir Jesús sá,
sigrarinn dauðans sanni
sjálfur á krossi dó
og mér svo aumum manni
eilíft líf víst til bjó.

*

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þú heilsa' og líf mér hafni,
hrædist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

OFFSETPRENT H.F.



Húsfú

Ragnildur Ólafsdóttir

Fædd 11. mars 1854

Dáin 7. maí 1928

VER hjá mér, herra, dagur óðum dvín;
ó, drottinn, eg hef lengi saknað þín;
í æskuglaumnum gleymdi sál mín þér,
í gleðidraumnum ugði' eg lítt að mér.

En þegar loksins lækka tók mín sól
eg leita fór og spyrja: „Hvar er skjól?“
En veröld gegndi: „Veika dauðans hey,
þín von er fánýt; — guð þú finnur ei.“

Þá hræddist eg. „Í húmi þessu' eg dey,“
eg hrópa tók, „ef guð minn finn eg ei,“
og brjóst mitt tók að buga kvöl og nauð,
þá birtist þú, og gafst mér lífsins brauð.

Þá lukust upp mín augu, herra kær,
hve ásýnd þín var náðarrík og skær;
ó, hvílik sæla hresti' og gladdi mig;
ó, hvílik sæla, guð, að finna þig!

Ó, herra, dvel nú það sem eftir er,
og aldrei framar lát mig týna þér,
því mér er betri kvöl við Jesú kross
en konungstign, ef misti þvilíkt hnoss.

Senn slokna öll mín litlu gleðiljós,
og líf mitt fjarar senn við dauðans ós,
og húmið stóra hylur mína brá:
Ó, herra Jesú, vertu hjá mér þá.

V E R T U guð faðir, faðir minn
í frelsarans Jesú nafni;
hönd þín leiði mig út og inn,
svo allri synd ég hafni.

Höndin þín, drottinn, hlífi mér,
þá heims ég aðstoð missi.
En nær sem þú mig hirtir hér,
hönd þína' eg glaður kyssi.

Dauðans stríð af þín heilög hönd
hjálpi þér vel að þreyja;
meðtak þá, faðir, mína önd,
mun ég svo glaður deyja.

Minn Jesú, andláts orðið þitt
í mínu hjarta' eg geymi;
sé það og líka síðast mitt,
þá sofna' eg burt úr heimi.

É G horfi yfir hafið
um haust af auðri strönd;
í skuggaskýjum grafið
það skilur mikil lönd.
Sú ströndin strjála' og auða,
er stari' eg héðan af,
er ströndin stríðs og nauða,
er ströndin hafsins dauða,
og hafið dauðans haf.

En fyrir handan hafið
þar hillir undir land;
í gullnum geislum vafið
það girðir skýjaband.

Þar gróa' í grænum hliðum
með gullslit blómin smá;
í skógarbeltum bliðum,
í blómsturlundum friðum
má alls kyns aldin sjá.

Þar sé ég sólu fegri
á súlum standa höll
í dýrð svo dásamlegri,
hún drifin gulli' er öll.
Þar sé ég fylking friða
og fagurbúna sveit
um ljóssins sali liða
með ljóssins ásýnd bliða
í unaðs aldinreit.

Ég hljóður eftir hlusta,
ég heyri klukkna hljóm;
hve guðleg guðsþjónusta
er guðs í helgidóm!
Ég heyri unaðs-óma
og engla skæra raust;
um drottins dýrðarljóma,
um drottins verk þeir róma
um eilífð endalaust.

Er þetta hverful hilling
og hugarburður manns?
Nei, það er fögur fylling
á fyrirheitum hans,
er sýnir oss í anda
guðs eilíft hjálparráð;
og stríðsmenn guðs þar standa
við stól hins allsvaldanda;
þar alt er eilíf náð.



Kristín Ólafsdóttir

frá Kálfholti

Fædd 2. október 1893

Dáin 14. maí 1928

HVE sæl, ó, hve sæl er hver leikandi lund;
en lofaðu' engan dag fyrir sólarlags stund.

Um sólskin kvað fuglinn, og sá hvergi skúr;
þá sólin rann í haf, var hann kominn í búr.

Um sumardag blómið í sakleysi hló;
en sólin hvarf og élið til foldar það sló.

Og dátt lék sér barnið um dagmálamund:
en dáíð var og stirnað um miðaftansstund.

Svo örstutt er bil milli bliðu og hels,
svo brugðist getur lánið frá morgni til kvelds.

En bótin er, barn gott, ef bregst lukkan þín,
þér bregst ei guð á himnum, sem verndar börnin sín.

Guð faðir er lukkan og sálar vorrar sól,
er sest ei í marinn, þótt fjúki' í önnur skjól.

A hendur fel þú honum,
sem hinna stýrir borg,
það alt, er áttu' í vonum,
og alt, er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her;
hann fótstig getur fundið,
sem fær sé handa þér.

Ef vel þú vilt þér liði,
þín von á guð sé fest.
Hann styrkir þig í striði
og stjórnar öllu best.

Að sýta sárt og kviða
á sjálfan þig er hrís.
Nei, þú skalt biðja' og biða,
þá blessun guðs er vís.

Ó, þú, minn faðir, þekkir
og það í miskunn sér,
sem hagsæld minni hnekkir,
og hvað mér gagnlegt er,
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því alt þér einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Þig vantar hvergi vegi,
þig vantar aldrei mátt,
þin bjargráð bregðast eigi
til bóta' á einhvern hátt.
Þitt starf ei nemur staðar,
þin stöðvar enginn spor,
af himni' er þú þér hraðar
með hjálp og líkn til vor.

Mín sál, því örugg sértu,
og set á guð þitt traust.
Hann man þig, vís þess vertu,
og verndar efalaust.
Hann mun þig miskun krýna,
þú mæðist litla hrið;
þér innan skamms mun skína
úr skýjum sólin blíð.

HÆRRA, minn guð, til þin,
hærra til þin;
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín,

hljóma skal harpan mín
:,: hærra, minn guð, til þín, :,:
hærra til þín!

Villist jeg vinum frá
vegmóður einn
köld nóttin kringum mig,
koddi minn steinn:
Heilög só heimvön mín,
:,: hærra, minn guð, til þín, :,:
hærra til þín!

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilifa
alföður-skaut.
Hljómi svo harpan mín,
:,: hærra, minn guð, til þín, :,:
hærra til þín!

Árla ég aftur ris
ungur af beð,
guðs hús á grýtttri braut
glaður eg hleð.
Hver og ein hörmung mín
hefur mig, guð, til þín,
hærra, minn guð, til þín,
hærra til þín!

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín,
:,: hærra, minn guð, til þín, :,:
hærra til þín!






Leifur Guðmundsson

Fæddur 28. Sept. 1905

Dáinn 13. Júní 1928



Ú ómar: vertu velkominn,
og vorsins eygló skin,
en öðruvisi' en ætlað var
er afturkoman þín.

Dú vildir reyna vængjatak
í vorsins bláa geim,
en áttir von og vilja til
að vinna' er kæmirðu heim.

Og mönnum fanst þú eiga all,
sem æsku prýða má,
og framundan svo frjálst og hjart
og fagurt skeið að sjá.

Hver veit, hve margt og dýrðlegt deyr
með draumum æskumanns;
hvað ferst — hvað missir fámenn þjóð
og fósturjörðin hans?

Nei, heitum þeim, sem æskan ól,
er aldrei hent á glæ.
Þau safna yl og senda ljós
á seinni tíða fræ.

Úr fjarska vertu velkominn.
En vegir skiljast hjer.
Og vertu sæll, með sárri hrygð
er sjeð á eftir þjer.

Með ljóma vors um landið þitt
fer ljóssins alda skær.
En til er rósareitur, sem
í regni tíra grær.

D. G.

Hver vorgeisli vaxandi fagur
er venslaður verunni þinni,
þinn hugur hver hreinviðrisdagur,
því þaðan kom sál þín og sinni.

St. G. Stephansson.


Alt var látbragð þitt yndishlýtt,
andlitið bæði glatt og frítt,
barnseðlið dýrstum blóma prýtt.

Litust þjer fögur loftin blá.
Löngum er vonabygging há.
Hlær oss að baki Helja flá.


Vertu blessaður, vinur minn.
Verði þjer fagur himininn.
Skin á fágaðan skjöldinn þinn.

Amicus.





FJELAGSÞRENTSMÍÐJAN



Brynjólfur Bjarnason
bóndi í Engey.

Fæddur 4. marz 1845

Dáinn 6. janúar 1933



Af því að út var leiddur
alsærður lausnarinn,
gjörðist mjer vegur greiddur
í guðs náðar ríki inn
og eilíft líf annað sinn;
blóðskuld og bölván mína
burt tók guðs sonar pína.
Dýrð sje þjer, drottinn minn.

Út geng eg ætíð síðan
í trausti frelsarans
undir blæ himins blíðan
blessaður víst til sanns.
Nú fyrir nafnið hans
útborið lík mitt liðið
legst og hvílist í friði;
sál fer til sæluranns.

Dýrðarkórónu dýra
drottinn mjer gefur þá,
rjettlætisskrúðann skýra
skal eg og líka fá
upprisudeginum á,
hæstum heiðri tilreiddur,
af heilögum englum leiddur
í sælu þeim sjálfum hjá.

Svo munu guðs englar segja:
Sjáið nú þennan mann,
sem alls kyns eynd rjeð beygja
áður í heimsins rann;
oft var þá hreldur hann;
fyrir blóð lambsins blíða
búinn er nú að stríða,
og sælan sigur vann.

Þá muntu, sál mín, svara,
syngjandi fögrum tón:
Lof sje mínum lausnara,
lamb guðs á hæsta trón
sigur gaf sínum þjón;
um blessaðar himnahallir
honum segjum vjer allir
heiður með sætum són.

Son guðs ertu með sanni,
sonur guðs, Jesú minn;
son guðs, syndugum manni
sonararf skenktir þinn,
son guðs einn eingetinn.
Syni guðs syngi glaður
sjerhver lifandi maður
heiður í hvert eitt sinn.

Ó blessuð stund, er burtu þokan líður,
sem blindar þessi dauðleg augu vor,
en æðri dagur, dýrðarskær og blíður,
með drottins ljósi skín á öll vor spor!

Ó blessuð stund, er sjerhver rún er ráðin
og raunaspurning, sem mjer duldist hjer,
og jeg sje vel, að viskan tóm og náðin
því veldur, að ei meira sagt oss er!

Ó blessuð stund, er stillast skulu sárin
og stöðvast óp og kvein hins þjáða manns,
og loksins þverra þungu sorgar tárin
og þorna fyrir geislum kærleikans!


Ó blessuð stund, er sál mín fær að segja:
Jeg sje ei frammar gegnum þokugler!
Ó, blessuð stund, er fæ jeg hnje að hneigja
og herrann sjálfan loks mitt auga sjer!

Ó blessuð stund, er burt er syndin illa
og brotinn liggur dauðans grimmi hjör
og drottins sali frjálsir andar fylla
með frið og sælu, kraft og eilíft fjör!

Ó blessuð stund, er hátt í himinsölum
minn hjartans vin jeg aftur fæ að sjá
og við um okkar æfi saman tölum,
sem eins og skuggi þá er liðin hjá!

Ó guð minn, vek þá hugsun mjer í huga
við hverja neyð og sorg og reynslusár;
þá styrkist jeg og læt mig böl ei buga
og brosið skín í gegnum öll mín tár.

Innilegt þakklæti fyrir
hluttekninguna.



SÉRA BJARNI JÓNSSON
VÍGSLUBISKUP

Fæddur 21. október 1881.

Dáinn 19. nóvember 1965.



MIKLI Drottinn, dýrð sé þér,
dásemd þína' um aldaraðir
ásamt þínum englaheer
allir lofa viljum glaðir,
:,: falla þína fótskör á,
Faðir, þína dýrð að sjá. :,:

Lát þitt ríki lýsa vítt
löndin yfir frið að veita,
láttu fæðast lífið nýtt,
ljós þitt vorum hjörtum breyta,
:,: láttu yfir lönd og höf
ljóma þína sigurgjöf. :,:

Helgur andi, heiður þér
hver ein tunga á jörðu færi.
Faðir, Guð, vér þökkum þér,
þér og Jesú, bróðir kæri.
:,: Ástar þinnar eilíft ljós
oss sé blessun, vörn og hrós. :,:

ENN í trausti elsku þinnar,
er með guðdóms ljóma skín
fyrir sjónum sálar minnar,
sonur Guðs, ég kem til þín.
Líkn ég þrái, líkn ég þrái,
líttu því í náð til mín.

Eg þig tilbið, eg þín leita,
ómaklegan þó mig finn.
Æ, virzt þú mér aumum veita
endurnæring, Drottinn minn.
Til þín mæni' eg, til þín mæni' eg,
taktu mig í faðminn þinn.

Mitt af syndum særða hjarta
sundurkramið meðtak þú,
lát þinn ástarljómann bjarta,
lífga það og styrkja nú.
Lækna sárin, lát mín tárin
ljóma' af elsku' og sannri trú.

Við þitt, Jesú, helgast hjarta
hvíld ég finn, en sorgin dvín,
þar er ástarbirtan bjarta,
blessuð náðin þaðan skín.
Hjartablóð þitt, hjartablóð þitt
hjartasárin græðir mín.

Allar nægtir æðstu gæða
eg, minn Jesú, fæ hjá þér,
himnesk orð þín hugga' og fræða,
himnesk náð þín líknar mér.
Hold og blóð þitt, hold og blóð þitt
himnesk lífsins fæða er.

Særða' og nakta sálu mína
sjálfur helgiskarti bú,
láttu hennar skróða skína
skært í þinni augsýn nú.
Ástarþýðum augum blíðum,
ó, minn Jesú, til mín snú.

Þér ég fórna, þér nú gef ég,
þér ég vígi hjarta mitt,
í þinn faðminn inn mig vef ég,
æ, við blessað hjartað þitt
unn mér þreyja, unn mér deyja,
öll mín brot þá verða kvitt.

ÉG lifi' og ég veit, hve löng er mín bið, —
ég lifi', unz mig Faðirinn kallar,
ég lifi' og ég bíð, unz ég leysist í frið,
ég lifi sem farþegi sjóinn við,
unz heyri' eg, að Herrann mig kallar.


Ég dey og ég veit, nær dauðann að ber, —
ég dey, þegar komin er stundin,
ég dey, þegar ábati dauðinn er mér,
ég dey, þegar lausnin mér hentust er
og eilífs lífs uppspretta' er fundin.

Ég ferðast og veit, hvar mín för stefnir á, —
ég fer til Guðs himnesku landa,
ég fer, unz ég verð mínum frelsara hjá
og frammar ei skilnaðar sorgin má
né annað neitt ástvinum granda.

Ég lifi nú þegar í Drottni í dag,
ég dey, svo að erfi ég lífið,
ég ferðast mót eilífum unaðarhag.
Hví er þá mín sál ei með gleðibrag?
Ég á þegar eilífa lífið.

SON Guðs ertu með sanni,
sonur Guðs, Jesú minn,
son Guðs, syndugum manni
sonar arf skenktir þinn,
son Guðs einn eingetinn.
Syni Guðs syngi glaður
sérhver lifandi maður
heiður í hvert eitt sinn.

| |
|--|
| Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð |
|--|



VALTÝR STEFÁNSSON

RITSTJÓRI

Fæddur 26. jan. 1893

Dáinn 16. marz 1963

HÆRRA, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Villist ég vinum frá
vegmóður einn,
köld nóttin kringum mig,
koddi minn steinn,
heilög skal heimvon mín.
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföður-skaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Árla ég aftur rís
ungur af beð.
Guðs hús á grýttri braut
glaður ég hleð.

Hver og ein hörmung mín
hefur mig, Guð, til þín,
hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
;,: Hærra, minn Guð, til þín, ;,:
hærra til þín.

Matth. Jochumsson.

ALLT eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógungun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, —
líf mannlegt endar skjótt.

Svo hleypur æskan unga
óvissa dauðans leið
sem aldur og ellin þunga,
allt rennur sama skeið.
Innsigli öngvir fengu
upp á lífsstunda bið,
en þann kost undir gengu
allir að skilja við.

Menn vaða' í villu' og svíma,
veit enginn neitt um það,
hverninn, á hverjum tíma
eða hvar hann kemur að.
Einn vegur öllum greiðir
inngang í heimsins rann,
margbreyttar lízt mér leiðir
liggi þó út þaðan.

Afl dauðans eins nam krenkja
alla í veröld hér.
Skal ég þá þurfa að þenkja,
hann þyrmi einum mér?
Adams er eðli runnið
í mitt náttúrlegt hold,
ég hef þar og til unnið
aftur að verða' að mold.

Hvorki með hefð né ráni
hér þetta líf ég fann,
sálin er svo sem að láni
samtengd við líkamann.
Í Herrans höndum stendur
að heimta sitt af mér,
dauðinn má segjast sendur
að sækja, hvað skaparans er.

Hallgr. Pétursson.

Alúðarpakkir fyrir
sýnda hluttekningu



Björn Jónsson

skipstjóri

frá Ánanaustum

Fæddur 6. júlí 1880

Dáinn 9. ágúst 1946

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri trega-tárin stríð.

Héðan skal halda,
heimili sitt kveður
heimilisprýðin í hinzta sinn.
Síðasta sinni
sárt er að skilja,
en heimvon góð í himininn.

Far þú í friði,
friður guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðar-hnoss þú hljóta skalt.

Grátnir til grafar
göngum vér nú héðan,
fylgjum þér vinur. Far vel á braut.
Guð oss það gefi,
glaðir vér megum
þér síðar fylgja í friðarskaut.

Í kirkju

Á hendur fel þú honum,
sem hinna stýrir borg,
það allt, er áttu' í vonum,
og allt, er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her,
hann fótstig getur fundið,
sem fær sé handa þér.

Ef vel þú vilt þér líði,
þín von á uð sé fest.
Hann styrkir þig í stríði
og stjórnar öllu bezt.
Að sýta sárt og kvíða
á sjálfan þig er hrís.
Nei, þú skalt biðja og bíða,
þá blessun Guðs er vís.

Ó, þú, minn faðir, þekkir
og það í miskunn sér,
sem hagsæld minni hnekkir,
og hvað mér gagnlegt er,
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því allt þér einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Þig vantar hvergi vegi,
þig vantar aldrei mátt,
þín bjargráð bregðast eigi
til bóta' á einhvern hátt.
Þitt starf ei nemur staðar,
þín stöðvar enginn spor,
af himni' er þú þér hraðar
með hjálp og líkn til vor.

Er þetta hverful hilling
og hugarburður manns?
Nei, það er fögur fylling
á fyrirheitum hans,
er sýnir oss í anda
Guðs eilíft hjálparráð.
Og stríðsmenn Guðs þar standa
við stól hins allsvaldanda.
Þar allt er eilíf náð.

Vertu, Guð faðir, faðir minn,
í frelsarans Jesú nafni,
hönd þín leiði mig út og inn,
svo allri synd ég hafni.

Höndin þín, Drottinn ,hlífi mér,
þá heims ég aðstoð missi,
en nær sem þú mig hirtir hér,
hönd þína' ég glaður kyssi.

Dauðans stríð af þín heilög hönd
hjálpi mér vel að þreyja,
meðtak þá, Faðir, mína önd,
mun ég svo glaður deyja.

Minn Jesús, andláts orðið þitt
í mínu hjarta 'ég geymi,
sé það og líka síðast mitt,
þá sofna ég burt úr heimi.

*Alúðar þakkir tyrir
auðsýnda samúð*

**MINNINGARGUÐSPJÓNUSTA
Í DÓMKIRKJUNNI**

MIÐVIKUDAGINN 5. JANÚAR 1944



ANTON B. BJÖRNSSON

FÆDDUR 6. JÚNI 1921

OG

HREIÐAR Þ. JÓNSSON

FÆDDUR 27. JANÚAR 1915

ER FÓRUST MEÐ Vb. HILMI Í NÓV. 1943

Að tilhlutun Íþróttasambands Íslands, Knattspyrnufélags Reykjavíkur
og Knattspyrnufélagsins Víkingur

FÓTMÁL dauðans fljótt er stigið
fram að myrkum grafar reit;
mitt er hold til moldar hnigið
máske fyr en af eg veit.
Heilsa, máttur, fegurð, fjör
flýgur burt sem elding snör.
Hvað er lífið? Logi veikur,
lítil bóla, hverfull reykur.

Enginn tími, enginn staður,
enginn hlutur dauða ver.
Bú þig héðan burt, ó, maður,
brautar lengd þú eigi sér.
Vera má að vegferð sú
verði skemri' en ætlar þú.
Æskan jafnt sem ellin skundar
eina leið til banastundar.

Margur einn í aldurs blóma
undi sæll við glaðan hag;
brátt þá fregnin heyrðist hljóma:
Heill í gær, en nár í dag.
Ó, hve getur undra skjótt
yfir skygt hin dimma nótt!
Fyrir dyrum dauðans voða
daglega þér ber að skoða.

Því skal ráð í tíma taka;
tíminn biður ekki neitt;
því skal biðja, því skal vaka
þessa stund, sem enn er veitt.
Næsta stundin óviss er,
eigi' er vist hún gefi þér
frest til annars en að heyja
andlátsstriðið, sofna' og deyja.


Ahendur fel þú honum,
sem hinna stýrir borg,
það alt, er áttu' í vonum,
og alt, er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her;
hann fótstig getur fundið,
sem fær sé handa þér.

Ef vel þú vilt þér liði,
þin von á guð sé fest.
Hann styrkir þig í stríði
og stjórnar öllu bezt.
Að sýta sárt og kviða,
á sjálfan þig er hris.
Nei, þú skalt biðja' og biða,
þá blessun guðs er vis.

Ó, þú, minn faðir, þekkir,
og það í miskunn sér,
sem hagsæld minni hnekkir,
og hvað mér gagnlegt er;
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því alt þér einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Þig vantar hvergi vegi,
þig vantar aldrei mátt,
þin hjargráð bregðast eigi
til bóta' á einhveru hátt.
Þitt starf ei nemur staðar,
þin stöðvar enginn spor,
af himni er þú þér hraðar
með hjálp og líkn til vor.

SON guðs ertu með sanni, Sonur guðs, Jesú,
minn; Son guðs, syndugum manni Sonar
arf skenktir þinn, Son guðs einn eingetinn.
Sýni guðs syngi glaður Sérhver lifandi mað-
ur Heiður í hvert eitt sinn.



Halldór Kr. Þorsteinsson

FÆDDUR 24. júlí 1877

DÁINN 9. desember 1966



Ver hjá mér, Herra, dagur óðum dvín,
ó, Drottinn, ég hef lengi saknað þín,
Í æskuglaumnum gleymdi sál mín þér,
í gleðidraumnum uggði' eg lítt að mér.

En þegar loksins lækka tók mín sól,
ég leita fór og spyrja: „Hvar er skjól?“
En veröld gegndi: „Veika dauðans hey,
þín von er fánýt, — Guð þú finnur ei“.

Þá hræddist ég. „Í húmi þessu' eg dey“,
ég hrópa tók, „ef Guð minn finn ég ei“.
Og brjóst mitt tók að buga kvöl og nauð,
þá birtist þú og gafst mér lífsins brauð.

Þá lukust upp mín augu, herra kær,
hve ásýnd þín var náðarrík og skær,
ó, hvílik sæla hressti' og gladdi mig,
ó, hvílik sæla, Guð, að finna þig.

Ó, Herra, dvel nú það, sem eftir er,
og aldrei framar lát mig týna þér,
því mér er betri kvöl við Jesú kross
en konungstign, ef missti þvílíkt hnoss.

Senn slokkna öll mín litlu gleðiljós,
og líf mitt fjarar senn við dauðans ós,
— og húmið stóra hylur mína brá:
Ó, herra Jesú, vertu hjá mér þá.

Hvað bindur vörn hug við heimsins glaum,
sem himnaarf skulum taka?
Oss dreymir í leiðslu lífsins draum,
en látumst þó allir vaka,
og hryllir við dauðans dökkum straum,
þó dauðinn oss megi' ei saka.

Til moldar oss vígði hið mikla vald,
hvert mannlíf, sem jörðin elur.
Sem hafsjór, er rís með fald við fald,
þau falla, en Guð þau telur,
því heiðloftið sjálft er huliðstjald,
sem hæðanna dýrð oss felur.

En ástin er björt, sem barnsins trú
hún blikar í ljóssins geimi,
og fjarlægð og nálægð, fyrr og nú,
oss finnst þar í eining streymi.
Frá heli til lífs hún byggir brú
og bindur oss öðrum heimi.

Af eilífðar ljósi bjarma ber,
sem brautina þungu greiðir.
Vort líf, sem svo stutt og stopult er,
það stefnir á æðri leiðir.
Og upphiminn fegri' en augað sér
mót öllum oss faðminn breiðir.

Líknargjafinn þjáðra þjóða,
þú, sem kyrrir vind og sjó,
ættjörð vor í yztu höfum
undir þinni miskunn bjó.
Vertu með oss, vaktu hjá oss,
veittu styrk og hugar-ró.
Þegar boðinn heljar hækkar,
Herra, lægðu vind og sjó.

Föðurland vort hált er hafið,
helgað þúsund feðra dáð.
Þangað lífsbjörg þjóðin sótti,
þar mun verða stríðið háð.
Yfir logn og banabylgju
bjarmi skín af Drottins náð.
Föðurland vort hált er hafið,
hetjulífi' og dauða skráð.

Þegar brotnar bylgjan þunga,
brimið heyrir yfir fjöll,
þegar hendir sorg við sjóinn,
syrgir, tregar þjóðin öll,

vertu ljós og leiðarstjarna,
lægðu storm og boðaföll,
líknargjafinn þjáðra þjóða,
þegar lokast sundin öll.


Drottinn, þinnar ástar óður
endurhljómi' um jörð og höf.
Breiddu þína blessun yfir
blóma lífs og þögla gróf.
Vígi' og skjöldur vertu þeim, sem
vinda upp hin hvítu tróf.
Drottinn, þinnar ástar óður
endurhljómi' um jörð og höf.

Son Guðs ertu með sanni,
sonur Guðs, Jesú minn,
son Guðs, syndugum manni
sonar arf skenktir þinn,
son Guðs einn eingetinn.
Syni Guðs syngi glaður
sérhver lifandi maður
heiður í hvert eitt sinn.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Gunnar Sigurgeirsson leikur á orgel: Largo eftir Händel.
Einar Vigfússon leikur á cello: Prelúdium eftir séra Bjarna Þor-
steinsson, við orgelleik Gunnars Sigurgeirssonar.
Gunnar leikur einnig sorgarmars eftir Händel.

Innlöggar þakkir fyrir sýnda samúð



ÞÓRUNN ÓLAFSSON

FÆDD 16. SEPTEMBER 1917

DÁIN 12. MAÍ 1966



Ó þá náð að eiga Jesúm
einkavin í hverri þraut.
Ó, þá heill að halla mega
höfði sínu' í Drottins skaut.
Ó, það slys því hnossi' að hafna,
hvílíkt fár á þinni braut,
ef þú blindur vilt ei varpa
von og sorg í Drottins skaut.

Eigir þú við böll að búa,
bíðir freistni, sorg og þraut,
óttast ekki, bænin ber oss
beina leið í Drottins skaut.
Hver á betri hjálp í nauðum?
Hver á slíkan vin á braut,
hjartans vin, sem hjartað þekkir?
Höllum oss í Drottins skaut.

Ef vér berum harm í hjarta,
hryggilega dauðans þraut,
þá hvað helzt er Herrann Jesús
hjartans fró og líknar skaut.
Vilji bregðast vinir þínir,
verðirðu' einn á kaldri braut,
flýtt þér þá að halla' og hneigja
höfuð þreytt í Drottins skaut.

GUÐ komi sjálfur nú með náð,
nú sjái Guð mitt efni' og ráð,
nú er mér, Jesú, þörf á þér,
þér hef ég treyst í heimi hér.

Ég hef aldrei í nokkri nauð
nauðstaddur beðið utan Guð,
Guð hefur sjálfur gegnt mér þá,
Guð veri mér nú líka hjá.

Ákvörðuð mín og mæld er stund,
mitt líf stendur í þinni hönd,
andlátíð kemur eitt sinn að,
einn veiztu, Guð, nær skeður það.

Vitnisburð þann frá eilífð átt,
að þú hjálpir á beztan hátt,
þá endast megn og mannleg stoð,
miskunna þú mér, Drottinn Guð.

Kveð ég í Guði góðan lýð,
gleðilegar þeim nætur býð,
þakkandi öllum þeirra styrk,
þjónustu, hjálp og kærleiks verk.

Ástkæra þá ég eftir skil
afhenda sjálfum Guði vil,
andvarpið sér hann sárt og heitt,
segja þarf honum ekki neitt.

Láttu mig, Drottinn, lofa þig,
með lofi þínu hvíla mig,
ljósið í þínu ljósi sjá,
lofa þig strax sem vakna má.

ALLT eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, —
líf mannlegt endar skjótt.

Svo hleypur æskan unga
óvissa dauðans leið
sem aldur og ellin þunga,
allt rennur sama skeið.
Innsigli öngvir fengu
upp á lífstunda bið
en þann kost undir gengu
allir að skilja við.

Nú vel, í Herrans nafni,
fyrst nauðsyn ber til slík,
ég er ei þeirra jafni,
sem jörðin geymir nú lík.
Hvenær sem kallið kemur,
kaupir sig enginn frí,
þar læt ég nótt, sem nemur,
neitt skal ei kviða því.

Ég veit, minn ljúfur lifir
lausnarinn himnum á,
hann ræður öllu yfir,
einn heitir Jesús sá,
sigrarinn dauðans sanni
sjálfur á krossi dó
og mér svo aumum manni
eilíft líf víst til bjó.

Með sínum dauða' hann deyddi
dauðann og sigur vann,
makt hans og afli eyddi,
ekkert mig skaða kann;
þó leggist lík í jörðu,
lifir mín sála frí,
hún mætir aldrei hörðu
himneskri sælu í.

Jesús er mér í minni,
mig á hans vald ég gef,
hvort ég er úti' eða inni,
eins þá ég vaki' og sef.
Hann er mín hjálp og hreysti,
hann er mitt rétta líf,
honum af hjarta' eg treysti,
hann mýkir dauðans kíf.

Ég lífi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gílt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Máni Sigurjónsson leikur forleik: „Kom dauðans blær“, eftir Bach.
Máni leikur einnig sorgarmarz úr „Sál“, eftir Händel.
Björn Ólafsson leikur fiðlulag eftir Gluck.


Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð



Steinunn Frímansdóttir

Fædd 12. maí 1863

Dáin 10. júlí 1947



Prentsmiðja Björns Jónssonar h.f. — 1947



Í KIRKJU:

Ég heyrði Jesú himneskt orð:
„Kom, hvíld ég veiti þér.
Þitt hjarta' er mætt og höfuð þreytt,
því halla' að brjósti mér“.

Ég kom til Jesú sár af synd,
af sorg, af þreytu' og kvöl,
og nú er þreytta hjartað hvílt
og horfið allt mitt böll.

Ég heyrði Jesú ástarorð:
„Kom, eg mun gefa þér
að drekka þyrstum lífs af lind,
þitt líf í veði er“.

Ég kom til Jesú. Örfyrst önd
þar alla svölun fann,
hjá honum drakk ég lífs af lind.
Mitt líf er sjálfur hann.

Ég heyrði Jesú himneskt orð:
„Sjá, heimsins ljós ég er.
Lít þú til mín, og dimman dvín
og dagur ljómar þér“.



Ég leit til Jesú, ljós mér skein,
það ljós er nú mín sól,
er lýsir mér um dauðans dal
að Drottins náðarstól.

Vertu Guð faðir, faðir minn,
í frelsarans Jesú nafni.
Hönd þín leiði mig út og inn
svo allri synd eg hafni.

Hönd þín Drottinn hlífi mér,
þá heims eg aðstoð missi,
en nær sem þú mig hirtir hér
hönd þína' eg glaður kyssi.

Dauðans stríð af þín heilög hönd
hjálpi mér vel að þreyja.
Meðtak þá faðir mína önd
mun eg svo glaður deyja.

Minn Jesú, andlátsorðið þitt
í mínu hjarta eg geymi.
Sé það og líka síðast mitt,
þá sofna eg burt úr heimi.

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim;
Mig glepur sýn;
Því nú er nótt, og harla langt er heim.
Ó, hjálpin mín,
Styð þú minn fót; þótt fetin nái skamt,
Eg feginn verð ef áfram miðar samt.

Eg spurði fyr: Hvað hjálpar heilög trú
Og hennar ljós?
Mér sýndist hjart, en birtan þvarr, og nú
Er burt mitt hrós.
Eg elti skugga, fann þó sjaldan frið,
Unz fátíð öndin sættist guð sinn við.



Dú ljós, sem ávalt lýsa vildir mér,
Dú logar enn, —
Í gegnum báru, brim og voðasker.
Nú birtir senn.
Og eg finn aftur andans fögru dyr,
Og engla þá, sem barn eg þekti fyr.

Alt eins og blómstrið eina
Upp vex á sljettri grund
Fagurt með frjóvgun hreina
Fyrst um dags morgunstud,
Á snöggu augabragði
Af skorið verður fljótt,
Lit og blöð niður lagði,
Líf manlegt endar skjótt.


Svo hleypur æskan unga
Óvissa dauðans leið
Sem aldur og ellin þunga,
Alt rennur sama skeið.
Innsigli engir fengu
Upp á lífsstunda bið,
En þann kost undir gengu
Allir, að skiljast við.

Jeg lífi' í Jesú nafni,
Í Jesú nafni' og dey;
Þó heilsa' og líf mjer hafni,
Hræðist jeg dauðann ei;
Dauði, jeg óttast eigi
Afl þitt nje valdið gilt.
Í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þegar þú vilt.

Í KIRKJUGARÐI:

Í friði látinn hvíli hjer,
Nú heim frá leiði göngum vjer.
Ó, búum einnig oss af stað,
Því óðum líður stundin að.


Svo veri dauðinn velkominn,
Vjer vitum, Jesú, dauði þinn
Frá dauðans valdi leysti lýð.
Þjer lof og dýrð sje fyr og síð.



Eggert Kristjánsson

Fæddur 6. október 1897

Dáinn 28. september 1966



Á HENDUR fel þú honum,
sem himna stýrir borg,
það allt, er áttu' í vonum,
og allt, er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her,
hann fótstig getur fundið,
sem fær sé handa þér.

Ef vel þú vilt þér líði,
þín von á Guð sé fest.
Hann styrkir þig í stríði
og stjórnar öllu bezt.
Að sýta sárt og kviða
á sjálfan þig er hrís.
Nei, þú skalt biðja' og biða,
þá blessun Guðs er vís.

Ó, þú, minn faðir, þekkir
og það í miskunn sér,
sem hagsæld minni hnekkir,
og hvað mér gagnlegt er,
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því allt þér einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Dig vantar hvergi vegi,
þig vantar aldrei mátt,
þín bjargráð bregðast eigi
til bóta' á einhvern hátt.
Þitt starf ei nemur staðar,
þín stöðvar enginn spor,
af himni' er þú þér hraðar
með hjálp og líkn til vor.

Mín sál, því örugg sértu
og set á Guð þitt traust.
Hann man þig, vís þess vertu,
og verndar efalaust.
Hann mun þig miskunn krýna.
Þú mæðist litla hrið.
Þér innan skamms mun skína
úr skýjum sólin blíð.

HVAD bindur vorn hug við heimsins glaum,
sem himnaarf skulum taka?
Oss dreymir í leiðslu lífsins draum,
en látumst þó allir vaka,
og hryllir við dauðans dökkum straum,
þó dauðinn oss megi' ei saka.

Til moldar oss vígði hið mikla vald,
hvert mannlíf, sem jörðin elur.
Sem hafsjór, er ris með fald við fald,
þau falla, en Guð þau telur,
því heiðloftið sjálft er huliðstjald,
sem hæðanna dýrð oss felur.

En ástin er hjört, sem barnsins trú,
hún blikar í ljóssins geimi,
og fjarlægð og nálægð, fyrr og nú,
oss finnst þar í eining streymi.
Frá heli til lífs hún byggir brú
og bindur oss öðrum heimi.

Af eilífðar ljósi bjarma ber,
sem brautina þungu greiðir.
Vort líf, sem svo stutt og stopult er,
það stefnir á æðri leiðir.
Og upphiminn fegri' en augað sér
mót öllum oss faðminn breiðir.

ALLT eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, —
líf mannlegt endar skjótt.

Ég veit, minn ljúfur lifir
Lausnarinn himnum á,
hann ræður öllu yfir,
einn heitir Jesús sá,
sigrarinn dauðans sanni
sjálfur á krossi dó
og mér svo aumum manni
eilíft líf vist til bjó.

Jesús er mér í minni,
mig á hans vald ég gef,
hvort ég er úti' eða inni,
eins þá ég vaki' og sef.
Hann er mín hjálp og hreysti,
hann er mitt rétta líf,
honum af hjarta' eg treysti,
hann mýkir dauðans kif.

ÉG KRÝP og faðma fótiskör þína,
frelsari minn á bænarsund.
Ég legg sem barnið bresti mína,
bróðir, í þína líknarmund.
Ég hafna auðs og hefðarvöldum
hyl mig í þínum kærleiksöldum.

Hjartans þakkir
fyrir auðsýnda samúð.
Aðstandendur.

Minningarguðspjónusta

um

Kristján konung X.

**haldin að tilhlutun ríkisstjórnar Íslands
í Dómkirkjunni í Reykjavík
miðvikudaginn 30. apríl 1947,
á útfarardegi konungs.**

1. **Forspil. (Sorgargöngulag eftir Hartmann.)**
2. **Sálmur. (Fögur er foldin.)**
3. **Ritningarlestur frá altari. (Sálmarnir 90, 1.–6. v.)**
4. **Sálmur. (Hvað bindur vorn hug.)**
5. **Minningarræða.**
6. **Þjóðsöngur Dana.**
7. **Þjóðsöngur Íslendinga.**
8. **Eftirspil. (Sorgargöngulag eftir Mendelssohn.)**

FÖGUR er foldin,
heiður er Guðs himinn,
indæl pílagríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílagrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng, er aldrei þver:
Friður á foldu,
fagna þú, maður:
Frelsari heimsins fæddur er.

HVAÐ bindur vorn hug við heimsins glaum,
sem himnaarf skulum taka?

Oss dreymir í leiðslu lífsins draum,
en látumst þó allir vaka,
og hryllir við dauðans dökkum straum,
þó dauðinn oss megi' ei saka.

Til moldar oss vígði hið mikla vald,
hvert mannlíf, sem jörðin elur.
Sem hafsjór, er rís með fald við fald,
þau falla, en Guð þau telur,
því heiðloftið sjálft er huliðstjald,
sem hæðanna dýrð oss felur.

En ástin er björt, sem barnsins trú,
hún blikar í ljóssins geimi,
og fjarlægð og nálægð, fyrr og nú,
oss finnst þar í eining streymi.
Frá heli til lífs hún byggir brú
og bindur oss öðrum heimi.

Af eilífðar ljósi bjarma ber,
sem brautina þungu greiðir.
Vort líf, sem svo stutt og stopult er,
það stefnir á æðri leiðir.
Og upphiminn fegri' en augað sér
mót öllum oss faðminn breiðir.

DER er et yndigt Land,
det staar med brede Bøge
nær salten Østerstrand,
det bugter sig i Bakke, Dal,
det hedder gamle Danmark,
og det er Frejas Sal.

Ó, G U Ð vors lands, ó, lands vors Guð,
vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn.
Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans
þínir herskarar, tímanna safn.
Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár,
og þúsund ár dagur, ei meir,
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður Guð sinn og deyr.
Íslands þúsund ár, Íslands þúsund ár —
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður Guð sinn og deyr.




MINNINGARATHÖFN

Í DÓMKIRKJUNNI HINN 3. FEBRÚAR 1944

UM

SKIPSHÖFNINA Á B.V. MAX PEMBERTON
SEM FÓRST 11. JANÚAR 1944



| | |
|---|--------------------------|
| Pjetur Maack, skipstjóri | fæddur 11. nóvember 1892 |
| Pjetur Andrjes Maack, 1. stýrimaður | — 24. febrúar 1915 |
| Jón Sigurgeirsson, 2. stýrimaður | — 9. nóvember 1912 |
| Gísli Eiríksson, bátsmaður | — 1. apríl 1894 |
| Þorsteinn Þórðarson, 1. vjelstjóri | — 19. maí 1892 |
| Þórður Þorsteinsson, 2. vjelstjóri | — 10. maí 1924 |
| Hilmar Jóhannesson, kyndari | — 4. marz 1924 |
| Benedikt Rósi Sigurðsson, kyndari | — 19. desember 1906 |
| Björgvin Halldór Björnsson, stýrimaður | — 24. ágúst 1915 |
| Guðjón Björnsson, háseti | — 27. febrúar 1926 |
| Valdemar Guðjónsson, matsveinn | — 21. ágúst 1897 |
| Guðmundur Einarsson, netamaður | — 19. janúar 1898 |
| Guðmundur Þorvaldsson, bræðslumaður | — 7. desember 1899 |
| Sigurður Pálmason, netamaður | — 25. nóvember 1894 |
| Guðni Sigurðsson, netamaður | — 15. janúar 1893 |
| Sæmundur Halldórsson, netamaður | — 4. júlí 1910 |
| Kristján Halldórsson, háseti | — 20. marz 1906 |
| Jens Konráðsson, stýrimaður | — 29. september 1917 |
| Jón Magnús Jónsson, stýrimaður | — 10. október 1914 |
| Valdemar Hlöðver Ólafsson, háseti | — 3. apríl 1921 |
| Magnús Jónsson, háseti | — 11. ágúst 1920 |
| Jón Hafliðason, háseti | — 19. september 1915 |
| Halldór Sigurðsson, háseti | — 26. september 1920 |
| Gunnlaugur Guðmundsson, háseti | — 15. janúar 1917 |
| Kristján Kristinsson, aðstoðarmatsveinn | — 2. júní 1929 |
| Ari Friðriksson, háseti | — 4. apríl 1924 |
| Aðalsteinn Árnason, háseti | — 16. september 1924 |
| Jón Ólafsson, háseti | — 22. marz 1904 |
| Arnór Sigmundsson, háseti | — 3. október 1891 |



A HENDUR fel þú honum,
sem himna stýrir borg,
það allt, er áttu' í vonum,
og allt, er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her;
hann fótstig getur fundið,
sem fær sje handa þjer.

Ef vel þú vilt þjer líði,
þín von á guð sje fest.
Hann styrkir þig í stríði
og stjórnar öllu bezt.
Að sýta sárt og kvíða
á sjálfan þig er hrís.
Nei, þú skalt biðja' og bíða,
þá blessun guðs er vís.

Ó. þú, minn faðir, þekkir
og það í miskunn sjer,
sem hagsæld minni hnekkir,
og hvað mjer gagnlegt er,
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því allt þjer einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Þig vantar hvergi vegi,
þig vantar aldrei mátt,
þín þjargráð bregðast eigi
til bóta' á einhvern hátt.
Þitt starf ei nemur staðar,
þín stöðvar enginn spor,
af himni' er þú þjer hraðar
með hjálp og líkn til vor.

Mín sál, því örugg sjertu,
og set á guð þitt traust.
Hann man þig, vís þess vertu,
og verndar efalaust.
Hann mun þig miskunn krýna,
þú mæðist litla hríð;
þjer innan skamms mun skína
úr skýjum sólin blíð.

LÝS, milda ljós, í gegnum þennan geim;
mig glepur sýn;
því nú er nótt, og harla langt er heim,
ó, hjálpin mín,
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,
jég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Jeg spurði fyr: hvað hjálpar heilög trú
og hennar ljós?
Mjer sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú
er burt mitt hrós.
Jeg elti skugga, fann þó sjaldan frið,
unz fáráð öndin sættist guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mjer,
þú logar enn,
— í gegnum bárur, brim og voða sker.
Nú birtir senn.
Og jeg finn aftur andans fögru dyr
og engla þá, sem barn jeg þekkti fyr.

MITT höfuð, guð, jeg hneigi,
að hjartað stíga megi
í bljúgri bæn til þín.
Lát heims ei glys mjer granda,
en gef mjer bænar anda
og hjartans andvörp heyr þú mín.

Jeg bið þig, faðir blíði,
um bót í lífsins stríði,
í Jesú nafni nú.
Í hæðir hjartað mænir,
þú heyrir allar bænir
í Jesú nafni', í Jesú trú.

Og þótt jeg öðlist eigi,
gef ei jeg þreytast megi
sem bezt að biðja þig.
Þú einn veizt tíma' og tíðir,
jeg treysti því: um síðir
þú bænheyrir og blessir mig.

Og þótt jeg öðlist eigi,
gef ei jeg kvarta megi
nje mögla móti þjer.
Jeg veit, þú vilt hið bezta
og víst ei lætur bresta
það neitt, er getur gagnað mjer.

Og þótt jeg öðlist eigi,
gef ei jeg hugsa megi:
„Mín bæn til einskis er“.
Þótt ekkert annað fái' eg
í auðmýkt hjartans má jeg
í von og trausti tengjast þjer.

Sá andans andardráttur
sje óslítandi þáttur
á milli mín og þín.
Þá barnslegt hjarta biður,
þín blessun streymir niður.
Jeg fer til þín, kom þú til mín.

VOR guð er borg á bjargi traust,
hið bezta sverð og verja;
hans armi studdir óttalaust
vjer árás þolum hverja.
Nú geyst, — því gramur er, —
hinn gamli óvin fer;
hans vald er vonzku nægð,
hans vopn er grimmd og slægð;
á oss hann hyggst að herja.

Með eigin kröftum enginn verst;
þó eitt má frelsun valda:
hinn rjetti maður með oss berst,
er mannkyns skuld rjeð gjalda.
Sá heitið háleitt ber;
það heiti „Jesús“ er;
hann guðs er eðlis einn,
ei annar slíkur neinn;
hann víst mun velli halda.

Þótt djöflum fyllist veröld víð,
þeim vinnst ei oss að hrella;
því Jesús vor oss veikum lýð
er vörn og hjálparhella.
Þótt mannkyns morðinginn
nú magni fjandskap sinn,
hann engu orka kann,
því áður dóm fjekk hann;
eitt orð má fljótt hann fella.

Hver óvin guðs skal óþökk fá,
hvert orð vors guðs skal standa;
því oss er sjálfur herrann hjá
með helgri gjöf síns anda.
Þótt taki fjendur fjeð,
já, frelsi' og líf vort með,
það happ þeim ekkert er,
en arfi höldum vjer;
þeir ríki guðs ei granda.